

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn fimmtudaginn 20. ágúst kl 9.00 í fjarfundi. Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Ingibjörg Emilsdóttir, Pétur G Markan og Sigurður Hreinsson. Daníel Jakobsson og Baldur Smári Einarsson boðuðu forföll, Pétur G Markan situr fundinn í forföllum Baldurs en varamaður Daníels var einnig forfallaður. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði hann fundargerð.

Formaður bauð Pétur velkomin til fundar en þetta er hans fyrsti fundur í stjórn FV.

1. Fundargerð stjórnarfundar 3. júlí 2015  
Lögð fram fundargerð stjórnarfundar 3. júlí 2015, fundargerðin hafði áður verið send í tölvpósti til staðfestingar en er nú lögð fram til formlegar staðfestingar. Fundargerð borinn upp og samþykkt.
2. Úrsögn úr stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða  
Lagt fram bréf Indriða Indriðasonar, sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps, dags. 13. júlí 2015, þar sem hann tilkynnir FV úrsögn úr stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf, af persónulegum ástæðum. Erindið er sent stjórn FV þar sem Indriði er einn þriggja stjórnarmanna í stjórn Atvest sem FV gerði tillögu um við kjör stjórnar á aðalfundi félagsins þann 22. júní s.l.. Í varastjórn eru einnig þrír aðilar sem FV gerði tillögu um á sama hátt. Formaður gerði tillögu um að varamaður í stjórn Atvest, Magnús Jónsson, Patreksfirði taki sæti Indriða í stjórn félagsins. Tillagan samþykkt.
3. Ársreikningur 2014  
Framkvæmdastjóri kynnti drög að ársreikningi FV fyrir árið 2014. Eftir er að ljúka við skýringar ársreiknings m.a. hefur það dregist þar sem ákveðið hefur verið að breyta framsetningu skýringa í takti við aukna deildaskiptingu starfseminnar. Innan deilda eru verkefni í vinnslu yfir áramót og því þarf að gera tillögu um fjárhæð sem færð er yfir áramót. Tillaga framkvæmdastjóri er að um 22 mkr verði færðar til næsta árs sem verkefni í vinnslu. Tillagan samþykkt.
4. Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019
  - a. Staðfesting á skipan samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019  
Framkvæmdastjóri lagði fram lista með tillögum sveitarfélaga á Vestfjörðum um skipan samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða á grundvelli erindis FV frá 19. maí s.l.. Alls eru tilgreindir 43 aðilar til skipan samráðsvettvangs frá öllum sveitarfélögum nema Árneshreppi. Boðað var til fundar samráðsvettvangsins föstudaginn 21. ágúst n.k. en ákveðið var að fresta honum um viku til 28. ágúst til þess að stjórn hefði tök á að fjalla um tillögur sveitarfélaganna og að færi gefist að fá fram tilnefningu Árneshrepps. Formaður gerði tillögu um að staðfesta skipan samráðsvettvangs samkvæmt

tillögum sveitarfélaganna og tillaga sveitarstjórnar Árneshrepps félli þar einnig undir. Tillagan samþykkt.

- b. Fundur með Stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál  
Lagt fram erindi dags 19. ágúst frá Hólmsfríði Sveinsdóttur, verkefnastjóra stýrihópsins, þar sem boðað er til fundar með FV og forsvarsmönnum stýrihóps þann 17. september n.k., fundurinn verði haldinn á Ísafirði.
5. Ferðamálastofa. Tillaga að breyttri skipan svæðasamstarfs í markaðsmálum ferðapjónustunnar  
Umræðu frestað til næsta fundar.
6. Afgreiðsla mála Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2015  
Kynnt svarbréf FV, dags 7. ágúst s.l., til félags áhugamanna um skrímslasetur, Bíldudal en félagið óskaði skýringa á úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða frá 3. júlí s.l. í framhaldi af samþykki framlags til félagsins.

Formaður tók til umræðu almennt um upplýsingagjöf, um ákvarðanir sem væru ábyrgð FV. Lögum samkvæmt s.s. stjórnarsýslulög þá yrði að ríkja trúnaður um varðandi meðferð mála, en um leið yrði opinber aðili að hafa tök á að geta veitt almenningi upplýsingar um meðferð opinberra fjármuna. Formaður gerði tillögu um að fela framkvæmdastjóra að taka saman upplýsingar um heildarfjölda umsækjenda, fjárhæð umsókna og skiptingu þeirra eftir svæðum á Vestfjörðum á síðustu þrem árum.  
Tillagan samþykkt.

7. Önnur mál
  - a. Undirbúningur 60. Fjórðungsþings Vestfirðinga  
Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning þingsins sem haldið verður á Patreksfirði þann 2. og 3. október. Félagsheimilið á Patreksfirði hefur verið tekið á leigu og samið hefur verið við veitingaraðila á Patreksfirði. Sveitarfélögum hefur verið sent erindi um kjörbréf þingfulltrúa. Verkefni stjórnar FV á næstu vikum væri að ákveða dagskrá þingsins og fjalla um ályktanir þingsins auk þess verkefnis að endurskoða samþykktir FV, m.t.t. ábendinga um að auka aðkomu allra sveitarfélaga að stjórn sambandsins.
  - b. Tillaga málþing um skólamál 1. október 2015  
Framkvæmdastjóri vísaði til ályktunar 59. Fjórðungsþing þar sem FV var falið að halda málþing um skólamál. Gerðar hafa verið tillögur að dagsetningu og dagskrá málþingsins síðast liðið ár, en af ýmsum ástæðum hafa þær ekki gengið upp.

Nú er sett fram tillaga um að halda málþingið í aðdraganda Fjórðungsþings á Patreksfirði, þ.e. 1. október n.k.. Framkvæmdastjóri lagði fram ramma að dagskrá og frummælendum sem verkefnastjóri FV hefur tekið saman og óskaði eftir heimild til að halda með málið áfram á þeim grunni. Tillagan samþykkt.

c. Dagsetning stjórnarfunda.

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu tillögu að stjórnarfundir FV yrðu haldnir með reglulegum hætti. Tillagan gerir ráð fyrir að haldnir verði fundir á fimmtudegi í annari viku hvers mánaðar þó er ekki fundað í júlí og ágúst. Miða er við að lágmarki verði fjórir þessara funda haldnir þar sem stjórn kemur saman en að öðru leiti verði um að ræða fjarfundi. Tillagan samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10.45.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.